

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 752/2002 um styrki og uppbætur Tryggingastofnunar ríkisins til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiðakaupa.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Um hjálparkæki í bifreið gildir reglugerð nr. 460/2003 um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálparkækja, með síðari breytingum, eftir því sem við á til viðbótar því sem kveðið er á um í reglugerð þessari.
- b. 1. málsl. 2. undirmálgreinar 3. mgr. 3. gr. orðast svo: Fullur styrkur er veittur á fimm ára fresti.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

- a. Í 2. tölul. 4. mgr. koma í stað orðanna „fá uppbót“ orðin „kaupa bifreið“.
- b. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Uppbót er heimilt að veita á fimm ára fresti vegna sama einstaklings.
- c. Í 1. málsl. 7. mgr. kemur í stað orðsins „fjórum“ orðið „fimm“.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

- a. 4. tölul. 2. mgr. orðast svo: Hinn hreyfihamlaði notar tvær hækjur og/eða er bundinn hjólastól að staðaldri.
- b. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Styrk skv. 2. mgr. er heimilt að veita á fimm ára fresti en styrk skv. 3. málsl. 4. mgr. á sex ára fresti vegna sama einstaklings.
- c. Í 1. málsl. 7. mgr. kemur í stað orðsins „fjórum“ orðið „fimm“ og í 2. málsl. 7. mgr. kemur í stað orðsins „fimm“ orðið „sex“.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 33. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júní 2004. Akvæði b-liðar 1. gr., a- og b-liðar 2. gr. og b-liðar 3. gr. reglugerðarinnar taka jafnframt til þeirra einstaklinga sem hafa fengið styrki eða uppbætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins í tíð eldri reglna fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. maí 2004.*

**Jón Kristjánsson.**

*Ragnheiður Haraldsdóttir.*